



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

18. nóvember 2010.

Fréttatilkynning

Hæstiréttur staðfestir 315 mkr. stjórnvaldssekt á Haga vegna brots á samkeppnislögum

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins frá 19. desember 2008 var komist að þeirri niðurstöðu að Hagar (sem reka m.a. verslunarkerðjuna Bónus) hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína með aðgerðum sem beindust gegn keppinautum félagsins á matvörumarkaði og með því brotið gegn samkeppnislögum. Taldi Samkeppniseftirlitið að brotið hafi verið til þess fallið að valda atvinnulífínu og almenningi miklu samkeppnislegu tjóni. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála komst að sömu niðurstöðu þann 4. mars 2009 og þann 19. febrúar sl. staðfesti Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurð áfrýjunarnefndar. Með dómi sínum í dag hefur Hæstiréttur Íslands staðfest brot Haga og að fyrirtækið skuli þola viðurlög vegna þess.

Hagar hafa fyrir dómstólum m.a. byggt á því að fyrirtækið sé ekki markaðsráðandi og að aðgerðir þess hafi ekki fallið í sér röskun á samkeppni.

Fram kemur hins vegar í málinu að Hagar hafa yfirburði í markaðshlutdeild á matvörumarkaði. Á landinu öllu var hlutdeild Haga yfir 50%. Þessi hlutdeild Haga hefur vaxið mikið á kostnað annarra keppinauta. Á höfuðborgarsvæðinu var félagið með um 60% markaðshlutdeild. Markaðshlutdeild keppinautanna var mun minni. Í ljósi m.a. þessarar hlutdeildar var talið að Hagar væru í markaðsráðandi stöðu.

Brot Haga á samkeppnislögum var talið felast í svonefndri undirverðlagningu sem félagið greip til á árunum 2005 og 2006. Í undirverðlagningu felst í aðalatriðum að markaðsráðandi fyrirtæki selur vörur undir kostnaðarverði. Getur slík óeðlileg verðlagning m.a. leitt til þess að minni keppinautar hrökklist út af markaðnum eða dragi úr verðsamkeppni við hið ráðandi fyrirtæki. Jafnvel þó að neytendur njóti þess til skamms tíma að fá vöru eða þjónustu á mjög lágu verði getur óeðlileg verðlækkun markaðsráðandi fyrirtækis valdið röskun á samkeppni. Slík röskun leiðir til lengri tíma litið til fækkunar eða veikingar keppinauta, hærra verðs til neytenda, minni þjónustu eða gæða og til þess að valkostum neytenda fækkar.

Brot Haga áttu sér stað í svonefndu verðstríði lágvöruverðsverslana sem hófst þegar Krónan í eigu Kaupáss kynnti allt að 25% verðlækkun á algengustu flokkum dagvara. Hagar misnotuðu markaðsráðandi stöðu sína með því að selja mjólk og mjólkurvörur undir kostnaðarverði í verslunum Bónuss í langan tíma. Voru helstu mjólkurafurðir seldar með stórfelldu tapi og leiddi þetta til þess að verslanir Bónuss voru í heild reknar með tapi. Það var því mat Samkeppniseftirlitsins að í verðlagningunni fælist ólögmet undirverðlagning og að háttsemin væri til þess fallin að viðhalda og styrkja með óeðlilegum hætti stöðu Haga á markaðnum fyrir sölu á dagvörum í matvöruverslunum. Jafnframt sýndi rannsókn Samkeppniseftirlitsins að brotin voru umfangsmikil. Aðgerðir Haga voru til þess



fallnar að útiloka helstu keppinauta, s.s. lágvöruverðsverslanir í eigu Kaupáss (Krónan) og Samkaupa (Nettó og Kaskó) frá samkeppni og þar með veikja þau fyrirtæki sem keppinauta á markaðnum. Með vísan til þess hversu alvarlegt brot Haga er og mikilla hagsmuna neytenda af samkeppni á matvörumarkaði taldi Samkeppniseftirlitið að sekt að fjárhæð 315 mkr. væri hæfileg. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála komst að sömu niðurstöðu og Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti hana.

Með dómi sínum í dag hefur Hæstiréttur staðfest þá niðurstöðu Héraðsdóms að brot Haga hafi verið sérstaklega alvarlegt. Telur dómurinn að Hagar hafi með þessum aðgerðum skaðað hagsmuni neytenda og fyrirtækið hafi mátt vita að þær væru ólögmætar. Fellst dómurinn á að 315 mkr. stjórnvaldssekt hafi verið hæfileg viðurlög.

„Þessi dómur Hæstaréttar skiptir miklu fyrir þróun samkeppnismála hér á landi. Með honum er komið mikilvægt fordæmi sem fyrirtækjum á samkeppnis-mörkuðum ber að horfa til. Af dóminum leiðir m.a. að það getur verið markaðsráðandi fyrirtækjum dýrkeypt að misbeita styrk sínum og takmarka samkeppni neytendum og atvinnulífi til tjóns“, segir Páll Gunnar Pálsson forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

Bakgrunnsupplýsingar:

Samkvæmt 11. gr. samkeppnislaga er öll misnotkun á markaðsráðandi stöðu bönnuð og viðurlög við slíkum brotum eru stjórnvaldssekt sem Samkeppniseftirlitið leggur á. Sektin á Haga er hæsta sekt sem lögð hefur verið á hér landi vegna brots sem eingöngu felst í misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Á liðnum misserum hefur Samkeppniseftirlitið beitt háum viðurlögum gagnvart öðrum markaðsráðandi fyrirtækjum á mörgum mikilvægum mörkuðum. Nægir í því efni að nefna eftirfarandi:

- 385 m.kr. sektir á Greiðslumiðlun hf. (nú Valitor hf.) vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og ólögmæts samráðs í því skyni að koma í veg fyrir að nýr keppinautur festi rætur í færsluhirðingu, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008.
- 310 m.kr. sektir á Eimskipafélag Íslands vegna m.a. aðgerða sem ætlað var að valda Samskipum samkeppnislegu tjóni, (sektir lækkaðar í 230 m.kr. í áfrýjunarnefnd, sbr. úrskurð nr. 3/2008),
- 130 m.kr. sektir á Lyf og heilsu vegna brota gegn nýjum keppinauti á Akranesi, (sektir lækkaðar í 100 m.kr. í áfrýjunarnefnd, sbr. úrskurð nr. 5/2010),
- 150 m.kr. sektir á Símann vegna brota gagnvart litlum keppinauti á Snæfellsnesi (sektir lækkaðar í 50 m.kr. í áfrýjunarnefnd, sbr. úrskurð nr. 2/2010).